

52. fundur háskólaráðs, haldinn að Hólum 19. desember 2016, kl. 14:00.

Heima á Hólum: Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Jón E. Friðriksson og Sveinn Ragnarsson. Í fjarfundi frá Keldnaholti: Katrín Sigurðardóttir og Sævar Skaptason. Í fjarfundi frá Akureyri: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Jónína Lilja Pálmadóttir boðaði forföll.

Fudargerð ritaði Hjördís Gísladóttir

Nokkrar tafir urðu á setningu fundar, af tæknilegum orsökum. Erla Björk setti fundinn kl. 14:15 og bauð fundarmenn velkomna. Hún stýrði fundi, sem hófst með framlagningu dagskrár. EBÖ óskaði eftir að dagskrárliður nr. 4 (önnur mál) yrði færður fram fyrir 3. lið. Samþykkt.

Erla Björk bar upp fundargerð síðustu funda, til undirritunar. Undirritun frestað enn á ný. Þar sem svo erfitt hefur reynst að ná undirskriftum með því að kalla eftir þeim á næsta fundi á eftir, mun EBÖ taka upp nýtt verklag í þessu sambandi.

Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Rekstraráætlun Háskólans á Hólum árið 2017.

EBÖ kynnti rekstraráætlunina, sem unnið hefur verið að í samræmi við nýjar verklagsreglur frá ráðuneyti mennta- og menningarmála samkvæmt nýjum lögum um fjárreiður ríkisins. EBÖ skýrði frá því að á sameiginlegum fundi háskólarektora hefðu þeir sammælt um 9 % sjálftekna hækkun á fjárheimildum, og áætluninni hefði verið skilað inn miðað við það. Hún hefði þennan sama morgun verið send til baka, með kröfu um úrbætur.

Fjármálastjóri Háskólans á Hólum, Guðmundur B. Eyþórsson, kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið, og skýrði áætlunina nánar:

- Tölur miðast við 1,5 % verðbólgu.
- Helstu áhrifaþættir til breytinga eru launahækkanir, sem og tilfærslur (t.d. á rannsóknafé).
- Áætlunin gerir ráð fyrir halla upp á 63 milljónir (í stað 12 m.v. áður innsenda áætlun), en helmingur halla er vegna uppsafnaðs halla árána 2015 og 2016.
- Alls voru 85 % af eldri skuldahala afskrifaðar, en nýjar reglur um opinber fjármál heimila ekki hærra hlutfall skuldar við ríkissjóð.
- Athygli vakin á að fjárheimildir ná ekki einu sinni að standa straum af launakostnaði, hvað þá meira.

Nokkrar umræður spunnust um áætlunina, fyrst og fremst til frekari skýringa. Fram kom að áætlanir fyrir 2018 og 2019 eru í grunninn eins og þessi.

GBE vék aftur af fundi.

EBÖ reiknar með að skila áætluninni inn m.v. hallarekstur, en slíkt er óheimilt. Háskólaráð gerir ekki athugasemd við það, en bókar eftirfarandi:

Háskólaráð Háskólans á Hólum lýsir áhyggjum sínum yfir viðvarandi fjársveldi háskólans sem og háskólastigsins alls á Íslandi.

Framsækni íslensks samfélags byggir á sterkum mannauði og fjölbreyttu atvinnulífi. Háskólamenntun mótar sjálfsmynd einstaklinga, styrkir samfélag og eykur samkeppnishæfni þjóða. Fjárfesting í öflugu háskólastarfi styður við skapandi hugsun, frumkvæði og nýsköpun á öllum fræðasviðum og eykur velsæld. Á Íslandi er stuðningur við háskóla ekki sambærilegur við þann stuðning sem háskólar njóta í nágrannalöndunum. Til þess að tryggja samkeppnishæfni okkar þarf fjármögnun háskóla að vera til jafns við meðaltal fjármögnunar háskóla í þeim löndum sem við teljum til fyrirmyndar. Þannig tryggjum við góða þjónustu við íslenskt samfélag.

Háskólinn á Hólum menntar einstaklinga af öllu landinu auk þess að laða að fjölmarga erlenda nemendur til námsdvalar. Alþjóðlegt yfirbragð háskólans og sérhæfing fræðasviða skapar honum sérstöðu meðal íslenskra háskóla sem ber að styrkja. Fræðasvið háskólans: ferðamál, fiskeldi og hestafræði mennta einstaklinga til starfa í atvinnugreinum þar sem þörf á fagfólki fer hratt vaxandi. Háskólaráð kallar eftir stuðningi Alþingis og íslensks samfélags við starf skólans. Jafnframt kallar háskólaráð eftir viðbrögðum ráðamanna við ákalli háskóla landsins um bættu rekstrarumgjörð háskóla sem endurspegli vilja til mótunar sterks þekkingarsamfélags með alþjóðlega samkeppnishæfni.

2. Starfsreglur Háskólans á Hólum, endurskoðun.

EBÖ kynnti breytingarnar og skýrði. Þær snúa einkum að vali og skipun rektors (§ 4), og eru byggðar á sambærilegum reglum við LBHÍ og HA. Einnig breytingar á § 5 og § 19. Fundarmenn spurðu nánar út í einstaka þætti, einkum fyrirmyndir, en engar efnislegar athugasemdir komu fram. EBÖ kynnti að henni bæri að senda starfsreglurnar til birtingar í Stjórnartíðindum. Þar sem engar breytingartillögur hefðu komið fram, myndu starfsreglurnar skoðast samþykktar 19. desember 2016. Engar athugasemdir gerðar við þá niðurstöðu og EBÖ mun ganga frá málinu.

4. Önnur mál

- a. EBÖ lagði fram verklagsreglur um ráðningu starfsfólks við Háskólans á Hólum. Allnokkrar umræður urðu undir þessum lið, en þær snerust þó fremur um áður samþykktar ítarreglur um ráðningu og framgang annars vegar akademískra starfsmanna og hins vegar reiðkennara við skólann. Engar breytingartillögur komu fram. EBÖ bar starfsreglur þessar upp og þær samþykktar samhljóða.
- b. Sævar Skaptason spurði út í stöðu mála varðandi sölu fasteigna á Hólastað, sbr. upplýsingar sem veittar voru á 51. fundi ráðsins. EBÖ skýrði framvindu/stöðu þeirra mála. Engar eignir hafa verið seldar enn sem komið er, en einher hreyfing á málum.

3. Skipunartími rektors

Erla Björk Örnólfsdóttir vék af fundi undir þessum lið, í samræmi við 4. grein nýsamþykktara starfsreglna. Við fundarstjórn tók Sveinn Ragnarsson.

Þar sem fjarfundartenging við HA rann út kl. 16:05, var fundi þá frestað, til kl. 15 miðvikudaginn 21. desember nk.

Fundi framhaldið, miðvikudaginn 21. desember kl. 15:10, í síma. Mættir voru / inn hringdu sömu háskólaráðsmenn (SR, GPG, KS, SS).

Sveinn Ragnarsson stýrði fundi og reifaði eina málið á dagskrá, sem var frekari umræða (endurupptaka) um dagskrárlið 2, um breytingu á starfsreglum Háskólans á Hólum, 4. grein – hina nýju grein um hvernig staðið skuli að ráðningu rektors. Fundarmenn tóku allir til máls og voru sammála um að það sé einkum síðari hluti þessarar reglu, sá er fjallar um endurráðningu sitjandi rektors, sem sé ekki nægilega skýr. Einnig kom fram að nauðsynlegt sé að auglýsa reglurnar í Stjórnartíðindum (B-hluta), áður en unnt sé að vinna eftir þeim. Fundarmenn allir sammála um að vandað skuldi til verka, og að hugað skuli betur að umræddri grein, einkum að skýra ferlið. Enn fremur að sjálfsagt og eðlilegt sé að rektor stýri þeirri vinnu, sem formaður háskólaráðs. SR falið að skýra EBÖ frá niðurstöðunni, og setja hana inn í málið. Fundarmenn sammála um að vinna þetta í tölvupósti og afgreiða endanlega á símafundi, við fyrsta tækifæri, sem væri annað hvort 4. eða 5. janúar. Formaður boði til þess fundar.

Að afgreiðslu lokinni verði reglurnar birtar í Stjórnartíðindum. Þá fyrst verði unnt að vinna eftir þeim. Boðað skuli til fundar í háskólaráðinu eins fljótt og auðið er eftir að reglurnar taka gildi. Erindi rektors verði tekið til afgreiðslu á þeim fundi.

Fundi slitið kl. 15:54.